

Þriðjudaginn 16. febrúar 1993.

Nr. 408/1991. **Guðbjörg Antonsdóttir**

gegn

**Margrėti Ákadóttur.**

Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjað er dómi bæjarþings Reykjavíkur 12. júlí 1991 í máli vegna riftunar á kaupsamningi um fasteign. Máli þessu var upphaflega skotið til Hæstaréttar með stefnu 7. ágúst 1991. Útivist varð af hálfu áfrýjanda, er þingfesta skyldi málið 2. október sama ár, og féll það niður. Áfrýjandi skaut málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1991 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, með aðstoð annars lögmanns, sem nú fer með rekstur þess. Var málið þingfest 2. desember sama ár, og fékk áfrýjandi þá frest til apríl 1992. Hefur hann síðan fengið frest á málinu fjórum sinnum, síðast til reglulegs þingdags 1. febrúar sl. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi enn eftir fresti til marsmánaðar.

Af hálfu stefnda hefur frestbeiðninni verið mótmælt.

Áfrýjandi skírskotar til þess, að hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins sé til meðferðar kæra stefnda á hendur sér vegna ætlaðra fjársvika og skilasvika, og sé sér nauðsynlegt að geta lagt fram skýrslur um þá rannsókn. Kæra þessi kom fram á árinu 1990. Hefur áfrýjandi ekki skýrt, hvernig hann hyggist nýta rannsóknina í þágu máls þessa.

Hinn 1. febrúar sl. voru liðnir rúmir 15 mánuðir frá útgáfu síðari áfrýjunarstefnu í málinu. Hefur áfrýjandi ekki nýtt sér þennan frest til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti og ekki enn aflað sér dómsgerða. Með því að áfrýjandi verður ekki talinn hafa réttlætt þá töf, sem þannig er á orðin, þykir ekki fært að veita frekari frest í málinu gegn andmælum stefnda. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki gert kröfu um málskostnað, og verður hann ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

---